

Föstudaginn 16. marz 1951.

Nr. 2/1951. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Haraldi Sigurðssyni** (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að ákærði ók bifreið sinni aftan á bifreiðina R 4820 á móts við húsið nr. 18 við Laugaveg. Broti ákærða er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 1. málsgrein 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. málsg. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, þó þannig, að 4 daga varðhald komi í stað sektarinnar, og ákveðst frestur til greiðslu hennar 2 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 450 krónur til hvors.

### Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Sigurðsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars Þorsteinssonar og Jóns N. Sigurðssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur löggluréttar Reykjavíkur 15. sept. 1950.**

Ár 1950, föstudaginn 15. september, var í lögglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3767/1950: Ákærvaldið gegn Haraldí Sigurðssyni, sem dómtekið var 6. júlí s.l.

Mál þetta var höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er Haraldur Sigurðsson bifreiðarstjóri, Laugarnesi við Kleppsveg. Hann er fæddur 9. október 1926. Hann hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1947 13/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ljósleysi á bifreið.

1947 10/12 Dómur: Fangelsi í 2 mán. skilorðsb. í 2 ár, sviptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1949 27/1 Áminning fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. lsb. Rvíkur.

1949 27/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 46. og 30. gr. lsb. Rvíkur.

1949 29/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laust eftir kl. 21 að kvöldi föstudagsins 23. des. f. á. rákust bifreiðarnar R. 4820 og R. 2606 saman á Laugavegi. Bifreiðinni R. 2606, sem er 6 manna fólksbifreið, stýrði ákærði og var einn í bifreiðinni. Í bifreiðinni R. 4820, sem er 4 manna fólksbifreið, voru auk stjórnandans, Sveins Guðmundar Áka Kraghs, tvö börn hans, 11 og 13 ára. Löggluþjónar komu á staðinn, þar sem bifreiðarnar stóðu við hús nr. 18 við nefnda götu. Voru ökumenn þar að rifast og ákærði sérstaklega æstur. Umferð var mjög mikil, og létu löggluþjónarnir bifreiðarnar færa sig og gerðu ekki uppdrátt af staðnum. Samaksturinn hafði orðið með þeim hætti, að R. 2606 var ekið aftan á R. 4820, og dældaðist kistulok á R. 4820. Um nánari tildrög árekstrarins eru stjórnendur bifreiðanna mjög ósammála, og verður að rekja framburði þeirra.

Sveinn Guðmundur Áki Kragh kveðst hafa komið akandi upp Klapparstíg og beygt til hægri niður Laugaveg, er eyða hafi orðið í umferðina á Laugavegi, en áður hafi hann orðið að bíða um stund við gatnamótin vegna umferðar um Laugavegin. Kveðst hann hafa verið kominn nokkra metra frá gatnamótunum, er hann hafi fundið, að högg kom aftan á bifreið hans, en höggið hafi verið svo lítið, að hann hafi ekið áfram. En rétt á eftir hafi svo komið annað og meira högg og síðan hið þriðja og miklu mest. Þá kveðst hann hafa hemlað bifreiðina, og hafi þá komið mikið högg aftan á hana. Kveðst Sveinn svo hafa farið úr bifreið sinni og gefið sig á tal við stjórnanda bifreiðar þeirrar, sem ekið hafði aftan á bifreið hans, en það var ákærði. Kveður Sveinn hann hafa verið viti sínu fjær af illsku, og ekki annað af honum að hafa en blót og formælingar, og hafi bræði hans virzt stafa af því, að hann teldi Svein hafa brotið biðskyldu við gatnamótin, en Sveinn kveður R. 2606 ekki hafa tafizt þar af sínum völdum. Sveinn kveður ákærða hafa kallað á eftir sér að skiln-

aði: „Ég skal muna eftir þér helvítið þitt, og númerið er R. 4820“, Börn Sveins, er með honum voru í bifreiðinni, Lína Kragh, 11 ára, og Þorsteinn Kragh, 13 ára, segja bæði, að ekið hafi verið 4 sinnum aftan á bifreiðina, og hafi síðasta höggið verið nokkuð mikið.

Ákærði kveðst hafa ekið í 2. ganghraðastigi á rólegri ferð vestur Laugaveg. Hann telur sig hafa verið kominn út á gatnamótin, er R. 4820 hafi verið ekið í veginn fyrir hann af Klapparstíg. Hafi hann þá hemlað, en framendi R. 2606 hafi þó rekizt á vinstra afturhorn R. 4820, sem hafi verið ekið áfram. Hafi svo báðum bifreiðunum verið ekið áfram á eðlilegum hraða, en á móts við hús nr. 20 hafi umferðin stöðvazt, og kveðst ákærði þá hafa verið svo nærri R. 4820, að bifreiðarnar hafi rekizt saman, þótt hann hemlaði. Hafi þá stjórnandi R. 4820 komið og hafi orðið hávaðaskammir milli þeirra. Kveðst ákærði hafa sagt stjórnanda R. 4820, að hann skyldi keyra hann í klessu, ef hann tæki bifreið sína ekki strax frá. Ákærði neitar því eindregið, að hann hafi ekið nema tvisvar aftan á R. 4820, sem að framan segir.

Vitnið Egill Hjartarson bifreiðarstjóri kveðst hafa ekið næst á eftir R. 2606 niður Laugaveg. Segir Egill, að R. 4820 hafi verið ekið skyndilega inn á gatnamótin í veginn fyrir R. 2606, og hafi ákærði orðið að snögg-hemla til að forðast árekstur. Kveðst Egill ekki hafa orðið var við, að neinn árekstur yrði barna á gatnamótunum. Var nú ekið spölkorn áfram, og varð Egill var við, að R. 2606 var ekið skrykkjótt, og taldi það vera af því, að R. 4820 væri að smástoppa, en sá það þó ekki beinlínis. Er bifreiðarnar stöðvuðust, fór Egill út úr bifreið sinni, og kveðst hann hafa heyrt ákærða segja við stjórnanda R. 4820: „Ef þú hagar þér ekki eins og maður, keyri ég þig í klessu“. Egill kveðst ekki hafa orðið var við, að ákærði æki aftan á R. 4820.

Vitnið Jóhann Líndal Jóhannsson rafvirki var á gangi vestur Laugaveg, er atburður þessi gerðist, og gekk syðri gangstétt. Er hann var staddur á móts við húsið nr. 20, sá hann fólksflutningabifreið aka tvisvar aftan á R. 4820 á ekki yfir 3 metra vegalengd. Eftir síðari ákeyrsluna hafi bílstjórnarnir báðir komið út og hafi stjórnandi R. 4820 verið rólegur, en hinn verið hávær og með skammir, og hafi hann sagt m. a.: „Númerið er R. 4820, ég þarf að muna eftir þessum andskota“. Jóhann kveðst ekki hafa veitt akstri bifreiðanna athygli á gatnamótunum og ekki hafa séð, að ekið væri nema tvisvar aftan á R. 4820.

Sannað er, að ákærði ók bifreið sinni aftan á R. 4820, og þykir mega slá því föstu með tillitj til framburðar Sveins Kraghs og barna hans tveggja og framburðar vitnisins Jóhanns Líndals Jóhannssonar, að hann hafi a. m. k. tvisvar með örstuttu millibili ekið aftan á R. 4820 á móts við húsið nr. 20. Hefur ákærði með þessu sýnt freklegt gáleysi við akstur, og bendir framkoma hans eftir áreksturinn og til þess, að hann hafi ekki hirt um að gera það, sem í hans valdi stóð til að forða árekstri. Brot ákærða heimfærast undir 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 2. gr. og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Refsing ákærða ákveðst 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald

6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Hallgríms Dalbergs hdl., er ákveðast kr. 300.00.

Dráttur varð nokkur á dómsuppkvaðningu sakir sumarleyfis dómarans, en málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Sigurðsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og greiðist sektin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi 6 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Hallgríms Dalbergs hdl., kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. marz 1951.

Nr. 68/1949. **Kirkjustræti 4 h/f** (Ólafur Þorgrímsson)  
 gegn  
**Herle Nielsen og gagnsök**  
 (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr  
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Eftirkrafa um vinnulaun ekki tekin til greina.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1949. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar bæði í hér-  
 aði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 14. desember 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 15.861.00 með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1948 til greiðslu-